



# Eftirlit á meðgöngu kvenna með óeðlileg frumusýni frá leghálsi

Embætti landlæknis

## Skimun á meðgöngu

Ljós móðir kannar skimunarsögu konu í fyrsta viðtali meðgöngu. Ef kona hefur ekki sinnt boði um skimun er ráðlagt að ljós móðir taki leghálsýni samkvæmt skimunarleiðbeiningum eftir aldri eða vísi konu áfram til sýnatöku á heilsugæslu eða hjá kvensjúkdómalækni.

Ef kona fær boð um skimun á meðgöngu og hefur ekki verið í sérstöku eftirliti vegna forstigsbreytinga má fresta skimuninni þar til eftir fæðingu.

## Óeðlileg leghálssýni hjá konum á meðgöngu

- Markmið með uppvinnslu er að útiloka ífarandi vöxt, krabbamein. Uppvinnsla skal fylgja sömu leiðbeiningum og hjá konum sem ekki eru þungaðar
- Konur með óeðlileg leghálssýni þar sem ábending er fyrir leghálsspeglun ættu að fá forgang í tíma til leghálsspeglunar
- Ákjósanlegur tími fyrir fyrstu leghálsspeglun í þungun er í viku 13-14
- Kvensjúkdómalæknir með reynslu í leghálsspeglunum ætti að framkvæma skoðun á þunguðum konum
- Leghálsspeglun skal metin á sama hátt og hjá þeim sem ekki eru þungaðar með *Swedescore* til hliðsjónar
- Stilla má blæðingu eftir sýnatöku með *lapis*, *monsell* lausn, *spongostan* eða tróði í leggöng
- Ekki skal gera leghálsskaf

## Eftirlit með leghálsspeglun á meðgöngu

- Konur sem greinast með frumubreytingar  $\geq$ CIN2/AIS/AGC snemma á meðgöngu skal fylgt eftir með leghálsspeglun og e.t.v. vefjasýnum á fyrsta þriðjungi og við lok annars þriðjungs meðgöngu
- Konur sem eru lengra komnar í meðgöngu skal fylgja eftir með leghálsspeglun eftir fæðingu
- Hjá konum sem hafa fyrir meðgöngu fengið ráðleggingar um keiluskurð sem ekki hefur verið framkvæmdur eða eru í eftirliti vegna CIN2 breytinga, þarf að taka afstöðu til eftirlits á meðgöngu í upphafi hennar
- Hægt er að bíða með eftirlit hjá konum sem þurfa eftirlit með leghálssýni eða leghálsspeglun eftir keiluskurð eða ómeðhöndlað CIN1 þar til eftir fæðingu
- Konum með AIS skal fylgja eftir á meðgöngu með leghálsspeglun. Eftirlit skal vera einstaklingsmiðað og e.t.v. í samráði við krabbameinsskurðlækna á kvennadeild Landspítala

## Eftirlit eftir fæðingu

Konum sem hafa þurft leghálsspeglun á meðgöngu skal fylgt eftir með leghálsspeglun eða keiluskurði 6-12 vikum eftir fæðingu.